

Nd.

1092. Nefndarálit

[456. mál]

um frv. til 1. um Bygðastofnun.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frumvarp er dæmigert fyrir fílabEinsturna íslenska stjórnkerfisins. Þegar fólk um allt land krefst **sjálfsvirðingar** og **sjálfstjórnar** setjast stjórnámálmenn og embættismenn niður og búa til frumvarp um að færa til skrifborð og nafnspjöld á Rauðarárstíg 25 í Reykjavík.

Grundvallaratriðið í þessu máli er að tryggja **sjálfræði** fólksins um eigin hagi. Ef fólk fær að njóta þess sem það aflar og ef svæði og héruð verða sjálfstæð um uppbyggingu atvinnulífs þarf engar aumingjabætur frá byggðakontórum í Reykjavík. Í stað bóta- og styrkjastefnu þarf að gera fólki, fyrirtækjum og héruðum kleift að standa á eigin fótum og tryggja þannig eðlilegan vöxt og viðgang landsbyggðarinnar.

Þetta frumvarp um Bygðastofnun er ónýtt því að í því er hvergi tekið á þessum atriðum. Um allt land krefst fólk, svo þúsundum skiptir, grundvallarbreytinga á stjórnkerfinu, breytinga sem færa því rétt til sjálfsákvörðunar.

Bandalag jafnaðarmanna hefur flutt tillögur til þingsályktunar um **fykksstjórnir** og **þróunarstofur landshlutanna**. Þar er mörkuð sú stefna valddreifingar og lýðræðis sem óumflýjanlegt er að taka. Þar er gert ráð fyrir almennum kosningum til héraðsstjórna og einnig fyrir frumkvæði heimamanna um mótun atvinnustefnu sinnar og lífshátta.

Nú steðjar hætta að byggðum landsins vegna þess að fólk hefur glatað völdum í hendur sjóðsstjóra og stjórnámálmanna. Ef fólkið fær þessi völd ekki aftur innan skamms verða byggðir landsins ekki verkefni Bygðastofnunar heldur Þjóðminjasafns áður en yfir lýkur.

Undirritaður leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 3. júní 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.